



RUMUR Í RAUÐHAMRI



Þessi bók er í 4. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Rumur í Rauðhamri

ISBN 978-9979-0-2565-8

© 2004 texti: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

© 2004 teikningar: Áslaug Jónsdóttir

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2004

önnur prentun 2020

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Áslaug Jónsdóttir


Prentvinnsla: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Rumur í Rauðhamri



Það er sumar.
Dagur er á ferð um landið
með pabba og mömmu.

Hann horfir út um gluggann
á bílnum.
Þau aka yfir brú.



Hvað sá Dagur út um gluggann?



– Nú ætlum við að tjalda,
segir pabbi.

– Gaman, gaman! segir Dagur.
Má ég þá vaka lengi?

– Nei, segir mamma.
Í tjaldi fara allir að sofa
á sama tíma.



Hvað vildi Dagur fá að gera?

Sjáið fossinn, segir mamma.
Á Íslandi eru svo
fallegir fossar.



- Þarna er líka spói, segir pabbi.
- Spói mjói, segir Dagur og hlær.




Hvaða fugl sá pabbi? Hvernig er nefið á spóanum?


– Sko! Vegurinn er rauður,
segir Dagur.

– Hann er búinn til úr rauðri möl,
svarar pabbi.

– Mér finnst hann flottur,
segir Dagur.



Af hverju var vegurinn rauður?



Þau aka inn í dal.
Sólin er farin að lækka á lofti.

Dagur sér há fjöll
sem ber við himin.
– Hér getum við tjaldað,
segir mamma.

Af hverju var sólin farin að lækka?

Við veginn eru tré.

– Er þetta skógur? spyr Dagur.

– Nei, segir pabbi.


Þetta er bara kjarr.

Mamma bendir á lítinn læk.

– Þarna er besta vatn í heimi,
segir hún.



Hvaða munur er á kjarri og skógi?



Dagur horfir á fjallið.

Á einum stað er það slétt og rautt.

– Þetta er Rauð-hamar, segir pabbi.

– Ekki hamar til að smíða með!
segir Dagur og hlær.

– Nei, berghamar, segir pabbi.

Af hverju heitir fjallið Rauð-hamar?



Dagur horfir lengi á fjallið.
Rauðhamar er fallegur.


Hann sér móta fyrir augum,
stóru nefi og líka munnni.
Það er eins og
munnurinn hreyfist.

Hvað sá Dagur í fjallinu?



– Sæll, segir munnurinn.
Dagur hrekkur í kút.
Er fjallið að tala?

Hann lítur í átt til mömmu og pabba.
Þau eru að reisa tjaldið
og taka ekki eftir neinu.



Af hverju hrökk Dagur í kút?

Augun í berginu stara á Dag.

– Er þetta tröll?

Hvað er það að segja?

Hann leggur við hlustir.



Hvað gerðu augun í fjallinu?



– Ekki vera hræddur!
segir röddin.
Dagur er ekki hræddur.
En honum finnst þetta skrýtið.

– Ég er Rumur í Rauðhamri,
bætir röddin við.

– Ertu tröll? spyr Dagur.

– Nei, nei! Ég er bergrisi.

Hvað heitir risinn?



Svona líta þá risar út.
Hann langar til að sýna
pabba og mömmu risann.

- Eru risar ekki vondir? spyr Dagur.
- Ekki ég, segir Rumur.
Ég er bæði vitur og vænn.

Heldur þú að risar séu vondir?

– Þið verðið að færa tjaldið,
segir Rumur.

– Hvers vegna? spyr Dagur.

– Gjá og Gnípa eru að taka til,
segir Rumur.


Gjá og Gnípa eru systur mínar.
Þær eiga líka heima í fjallinu.



Hvað heita systurnar?

– Þið verðið að færa tjaldið!
segir Rumur aftur. Tjaldið má ekki
vera fyrir Gjá og Gnípu.
Þær eru oft með svo mikil læti.

Dagur horfir á Rum.
Á hann að trúa honum?



Af hverju þarf að færa tjaldið?



Mamma er að raða inn í tjaldið.
Pabbi réttir henni dótið.

Dagur hleypur til þeirra.
– Við verðum að færa tjaldið!
kallar hann.

Hvað voru mamma og pabbi að gera?



Pabbi og mamma horfa hissa á Dag.

– Má ekki tjalda hér? spyr pabbi.

– Nei! Rumur segir að það sé
hættulegt, segir Dagur.

– Rumur? spyr mamma.

– Já, risinn í Rauðhamri, svarar Dagur.
Mamma og pabbi brosa.

Hvers vegna voru mamma og pabbi hissa?

Dagur sér að þau trúá honum ekki.

– Þið hlustið aldrei á mig,
segir hann reiður.



– Æ, Dagur minn, segir mamma.

– Ég vil ekki sofa í tjaldinu,
segir Dagur.

Rumur er að segja satt.

Af hverju varð Dagur reiður?



Dagur segir pabba og mömmu
frá Gjá og Gnípu.

– Við sjáum til, segir pabbi.

Dagur fer að gráta.

Hann sér að Rumur er líka dapur.

– Við getum alveg fært tjaldið,
segir mamma.

Af hverju var Rumur dapur?

Nú þarf að setja dótið aftur í bílinn.
Pabbi er svolítið fúll
en mamma hlær bara.
Þau aka eftir rauða veginum
og fara yfir ána.



Af hverju var pabbi fúll?

Á eyri við ána reisa þau tjaldið.
Pabbi horfir á Rauðhamar og segir:
–Vertu rólegur, Rumur gamli!

Það er komið kvöld.
Samt er bjart úti.
Dagur er lengi að sofna.
Hann er að hugsa um Rum.



Hvar reistu þau nú tjaldið?



Sólin er komin upp.

Allt í einu heyrast drunur.

Jörðin skelfur.

Dagur vaknar.

Mamma og pabbi vakna líka.

Pabbi hendist á fætur og út úr tjaldinu.


Hvað er að gerast?

Við hvað vaknaði Dagur?

Fjallið hefur breyst.

Stór skriða úr mold og grjóti
hefur fallið niður í dalinn
þar sem tjaldið var áður.

Rumur gamli vissi svo vel
um lætin í Gjá og Gnípu.



Hvað er skriða?

– Við vorum heppin að Rumur
lét okkur vita, segir mamma.
Annars hefðum við öll dáíð.

– Og við vorum heppin
að Dagur heyrði til hans,
segir pabbi.



Hvað hefði getað gerst?

Þau aka eftir rauðum veginum.
Mamma syngur um fugl í mó.

Dagur horfir á Rum í Rauðhamri.
Nú er risinn glaður.
– Takk, Rumur, hvíslar Dagur
og veifar til hans.



Af hverju var Rumur glaður?

Til kennara og foreldra!

Bæði foreldrar og kennarar vita hversu stórt bil getur verið milli áhugasviðs og þroska 6–9 ára nemanda og textans sem hann er fær um að lesa. Smábókaflokkur Menntamálastofnunar er tilraun til að brúa þetta bil. Reynt er að höfða til ólíkra áhugasviða barnanna með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu. Bækurnar eru ríkulega myndskreyttar og áhersla lögð á að þær höfði bæði til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst til kímniááfu lesenda.

Smábókaflokknum fylgja ekki vinnubækur en á vefsíðu Menntamálastofnunar er að finna kennsluhugmyndir eftir Ragnheiði Gestsdóttur. Þar eru sett fram dæmi um verkefni sem henta fyrir einstaklingsvinnu og hópvinnu, málfræði, ritun, myndvinnslu og munnlega tjáningu og hægt er að laga að öllum bókunum.

Umræður heima og í skólanum

Ferðalög: Um hvaða land er Dagur að ferðast? Hafið þið ferðast um landið? Munið þið nöfn á einhverjum stöðum sem þið hafið heimsótt? Á Íslandskorti er hægt að finna staðina og merkja við þá.

Útilega: Hvað þurfum við að hafa meðferðis í útilegu? Sameiginlegur listi er skráður á töflu eða spjald. Hvernig eigum við að haga okkur á tjaldstæði? Ræða um tillitsemi við náttúruna og aðra tjaldgesti.

Tröllin í fjöllum: Hafið þið heyrt sögur af tröllum? Hvernig væru tröllin ef þau væru til í raun og veru? Haldið þið að þau hafi verið til? Er Rumur góður eða vondur? Hvað um Gnípu og Gjá?


Umferðaröryggi: Um hvað þarf bílstjórinn að hugsa á ferðalögum? Til hvers eru umferðarmerkin? Af hverju eru bílbelti, bílstólar og barnasæti nauðsynleg? Hvers vegna geta ólæti í bílum verið hættuleg? Hvernig má hafa ofan af fyrir sér á löngum bílferðum?

Að búa til bók – myndvinnsla

Hvað þarf að hafa meðferðis í útilegu? Með einföldu pappírsbroti má búa til tjald og líma á spjald sem skreytt er með teiknuðum eða útklipptum landslagsmyndum. Börnin teikna síðan nauðsynlegan búnað til útilegu og/eða skrifa heiti á hlutunum. Í bók má setja kort sem sýnir staði sem barnið hefur heimsótt eða langar til að heimsækja. Í stað þess að börnin vinni hvert fyrir sig og búi til bók má líka vinna hópverkefni, búa til tjaldstæði á stórt spjald, merkja inn á stórt Íslandskort o.s.frv.



Rumur í Rauðhamri



Dagur horfði á fjallið.

Hann sá móta fyrir augum,
stóru nefi og munni.

Honum fannst
munnurinn hreyfast.

Gat það verið rétt?

Smábækur Menntamálastofnunar
eru einkum ætlaðar börnum
sem eru að læra að lesa.

Saga eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson
með teikningum eftir Áslaugu Jónsdóttur.



MENNTAMÁLASTOFNUN

40305